



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19*

Dags.: 06.09.2021

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Haraldur Haraldsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Á milli funda hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af síðustu samskiptum og fundum teymisins.

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 20. ágúst 2021:
Smit í Dalabyggð, lítið umfang á sóttkví út frá þeim. Var ekki spurning um hvort heldur hvenær það gerðist. Auðarskóli ætlar að hafa skólasetningu án foreldra, of mikið að stefna öllum saman á einn stað. Ráðgert að breyta reglugerð um sóttkví barna, þá verði samt tekið tillit til aðstæðna hverju sinni. Ákveðnar takmarkanir á samgangi milli grunn- og leikskóladeilda Auðarskóla. Ástæða til að minna alla á þær reglur sem eru í gildi og viðhafa smitvarnir, ekki ástæða til að fara í meira íþyngjandi aðgerðir að svo stöddu. Erum látin vita ef upp koma smit í sveitarfélaginu og þá eins hvort bregðast þurfi við með sérstökum hætti.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 26. ágúst 2021:
Reglugerð um sóttkví, nýjar samkomutakmarkanir og staða smita á Vesturlandi.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. september 2021:
Leiðbeiningar vegna gangna og rétta.

Viðbrögð af hálfu sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn fer með stjórn fjallaskilaumdæmis, ber ábyrgð á framkvæmd gangna og rétta og ber að tryggja að reglum um sóttvarnir sé fylgt eftir.

Miðað verður við 300 manns í réttum en mælst er til þess að gestir komi ekki til réttarstarfa, fjöldatakmörkunum verður fylgt strangt eftir. Ath. að fjöldatakmörkun tekur ekki til barna fædd 2016 eða síðar.

Í fjallaskálum sem notaðir eru við göngur þarf að fylgja reglum um sóttvarnir. Í fjallaskálum gildir regla um 1 metra nándarmörk á milli einstaklinga, en sé henni ekki við komið skal bera andlitsgrímu.

Fjallaskálar eru aðeins opnir fyrir gangnamönnum, aðrir gestir mega ekki vera í húsnæðinu á sama tíma. Mælt er með því að þeir sem taka þátt í göngum og réttum hlaði niður í síma smáforritinu Rakning C-19. Allir smalar skulu hafa meðferðis andlitsgrímur og handspritt og mælt er með því fyrir þátttakendur í réttum.

Mælt er með að það liggi fyrir listi um hvaða einstaklingar fari í göngur með upplýsingum sem nota má til að hafa samband við viðkomandi einstakling gerist þess þörf.

Takmarka skal samskipti milli ólíkra smalasvæða eins og kostur er.

Ávallt skal viðhafa grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki, hvort sem það virðist vera veikt eða ekki.

Mælt er til að skipaður sé einn smitvarnarfulltúra í hverri rétt. Hann ber ábyrgð á smitvörnum og tryggir að farið sé að fyrirmælum. Þetta getur hvort sem er verið leitarstjóri/fjallkóngur, réttarstjóri eða aðili skipaður af sveitarstjórn.

Við hverja rétt skal tryggja eins góða aðstöðu til handhrensunar eins og mögulegt er.

Við innkeyrslu að rétt þarf að telja alla sem þangað koma. Tryggja skal að fjöldi fari ekki umfram hámarksfjölda. Heimilt er að skipta út fólki meðan á réttarstörfum stendur þó þannig að fylgt sé reglum um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma (þ.e.a.s. telja inn og út þannig að á hverjum tíma séu aldrei fleiri en hámarksfjöldi leyfir hverju sinni).

Sé þess þörf skal sveitarstjórn gefa út frekari leiðbeiningar. Hér er lagt fyrir sveitarstjórn að kynna sér fyrirliggjandi leiðbeiningar og meta hvort frekari leiðbeiningar þurfi til.

